

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 3/2001 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 2001 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningagrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu fyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrningagrunnur rekstrarársins 1999 framreiknast samkvæmt verðbreytingastuðli ríkisskattstjóra fyrir árið 2000.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2000 telst 10% fyrning af fyrningagrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 9,5% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2000. Vextir reiknast af fyrningagrunni þegar frá hefur verið dregin framreiknuð fyrning fyrri ára.
4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2000 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 4. janúar 2001.

Indriði H. Þorláksson.